

L Ö G

28
19. maí

um

greiðslu verkkaups.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Verkkaup skal greitt með gjaldgengum peningum starfsmönnum öllum og daglaunamönnum við verzlánir, verksmiðjur og náma, hásetum og öðrum starfsmönnum á skipum, sem á fiskiveiðar ganga, síldveiðar eða hvalveiðar, hvort sem eru seglskip, mótorbátar eða gufuskip, nema verkkaupið sé hluti af aflanum sjálfum, svo og starfsmönnum og daglaunamönnum þeim, er á landi vinna hverja þá vinnu, er af útgerð skipanna leiðir, og má eigi greiða kaupið með skuldajöfnuði, nema svo hafi áður verið sérstaklega um samið,

Sama er og, ef verk er unnið í ákvæðisvinnu við einhverja þessa atvinnugrein.

2. gr.

Verkafólki, sem vinnur daglaunavinnu í landi við verksmiðjur, verzlánir, byggingar, ístöku og útgerð og ennfremur við fermingu og affermingu skipa og báta, svo og iðnaðarmönnum, er vinna hjá öðrum að iðn sinni, skal greitt verkkaupið vikulega að minnsta kosti, nema öðruvísi sé um samið.

Ákvæði um þetta nær þó ekki til venjulegrar sveitavinnu, þar sem verkafólkið fær húsnæði og fæði sem hluta verkkaupsins.

3. gr.

Nú vinnur verkafólk slík verk, sem um getur í 2. gr. fyrstu málsgr., í ákvæðisvinnu, og skal þá verkkaupið greitt að minnsta kosti vikulega, ef verkinu eða verkshluta, sem kauptaxtinn eða umsamin upphæð verkkaups miðast við, er lokið á þeim tíma, en ella, sé ekki öðruvísi um samið, þegar verkinu er lokið.

Sama gildir um iðnaðarmenn, er taka að sér verk og vinna það

28 fyrir ákveðið kaup eða taka að sér verk í ákvæðisvinnu, ef iðnaðarmaður
 19. maí vinnur verkið einn eða með venzlamönnum sínum, með atvinnufélaga eða
 með nemendum, er hann hefir tekið til iðnnáms.

4. gr.

Heimilt er verkafólki og iðnaðarmönnum að krefjast þess, að mál út af greiðslu verkkaups samkvæmt lögum þessum sæti meðferð einkalögreglu- mála. Má þá reka mál í þeirri þinghá, þar sem verkið hefir verið unnið, og skoðast atvinnurekandi eða umboðsmaður hans þar sem aðili, þótt þeir eigi heimilisvarnarþing annarsstaðar.

Réttargjöld skulu eigi greidd í málum þessum.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 4, 14. febrúar 1902, um greiðslu verkkaups, og lög um viðauka við þau lög, nr. 55, 31. maí 1927.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.